



Starfsleyfi

Sementsverksmiðjunnar hf.,

Mánabraut 20, Akranesi

Kt. 560269-5369

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Sementsverksmiðjuna hf. kt. 560269-5369, til framleiðslu sements að Mánabraut 20, Akranesi. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sementsverksmiðjan hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

1.2 Umfang starfseinnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 160.000 tonn á ári af sementsgjalli og allt að 250.000 tonn á ári af sementi, auk reksturs hráefnageymslna, gjallgeymslu og sementsgeymslu og pökkunar, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi. Ennfremur er verksmiðjuni heimilt að forhita og mala 32.000 tonn á ári af koladufti og að búa 25.000 tonn af föstum flokkuðum úrgangi til brennslu í gjallofni verksmiðjunnar, þó þannig að eins lítill hluti forvinnslu hans fari fram á Akranesi og kostur er. Þá er rekstraraðila heimil geymsla kola á Grundartanga vegna starfseinnar.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques in the Cement and Lime Manufacturing Industries, December 2001 (IPPC)“. Einnig skal hafa hliðsjón af „Reference Document on Best Available Techniques in the Cement and Lime Manufacturing Industries, Draft September 2007“. Þá skal jafnframt hafa hliðsjón af nýjum leiðbeiningum og uppfærslum sem kunna að verða á slíkum leiðbeiningum á starfsleyfistíma.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.



1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri verksmiðjunnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis þessa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila áður en verksmiðjan eða verulegur hluti hennar er tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti að jafnaði sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um stöðu mengunarvarna, niðurstöður umhverfisvöktunar og innra eftirlits og útkomu umbótaverkefna, og um umfang og reynslu af notkun eldsneytis úr flokkuðum úrgangi.

Umhverfisstofnun skal kynna fyrir heilbrigðisnefnd Vesturlands og Akraneskaupstað niðurstöður úttektar á starfsemi fyrirtækisins, sbr. 1. mgr. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

1.8 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni, skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

2 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

2.1 Hráefni til gjallframleiðslu

Rekstraraðila er heimilt að nýta sem hráefni í gjallframleiðslu eftirtalin efni:

- Skeljasand og aðra náttúrulega kalkgjafa.
- Líparít og aðra náttúrulega kísilgjafa.
- Kísilryk og annan kísilríkan framleiðsluúrgang, sem ekki telst spilliefni og fellur beint að framleiðslunni.





UMHVERFISSTOFNUN

- Önnur náttúruleg efni sem ekki flokkast sem hættuleg og nauðsynleg eru til að ná fram réttum eiginleikum sementsgjalls, þar er meðtalin basaltsandur og aðrir náttúrulegir járngrjafar.
- Olíusmituð efni og olíumengaðan jarðveg.
- Önnur efni sem Umhverfisstofnun hefur veitt leyfi fyrir.

2.2 Hráefni til sementsframleiðslu

Rekstraraðila er heimilt að nýta sem hráefni í sementsframleiðslu eftirtalin efni:

- Eigin framleiðslu á sementsgjalli.
- Annað sementsgjall og háofnagjall sem uppfyllir gæðakröfur innan EES.
- Kísilryk og annan kísilríkan framleiðsluúrgang sem ekki telst spilliefni og fellur beint að framleiðslunni.
- Náttúruleg efni sem ekki flokkast sem hættuleg og nauðsynleg eru til að ná fram réttum eiginleikum sements, þar með talið gips.
- Hjálparefni sem nauðsynleg eru til að ná fram réttum eiginleikum sementsins.
- Önnur efni sem Umhverfisstofnun hefur veitt leyfi fyrir.

2.3 Eldsneyti á gjallofn

Rekstraraðila er heimilt að nýta sem eldsneyti eftirtalin efni enda uppfylla þau ákvæði í gr. 2.4:

- Kol og annað fast kolefni, þar með talin bíldekk.
- Kurlað timbur.
- Viðarúrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, að undanskildum viðarúrgangi sem inniheldur halógeneruð, lífræn efnasambönd eða þungmálma af völdum meðhöndlunar með viðarvarnarefnum eða frá efnum til yfirborðsmeðhöndlunar í samræmi við iv-lið a-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 739/2003, um brennslu úrgangs.
- Eldsneyti sem er unnið úr úrgangi og uppfyllir gæðakröfur innan EES og íslensk lög og reglugerðir. Beinamjöl eða kjötmjöl má þó ekki brenna nema að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar. Ekki má brenna annan dýraúrgang í verksmiðjunni.
- Gasolíu, svartolíu og úrgangsolíu.
- Eldfiman fljótandi úrgang sem við brennslu veldur samsvarandi útblæstri og stafar frá bruna gasolíu.
- Annan eldfiman fljótandi úrgang með nettóvarmagildi a.m.k. 30 MJ/kg.

2.4 Gæði eldsneytis

Geymsla og bruni eldsneytis skal ekki valda lyktarmengun í umhverfi verksmiðjunnar. Eldsneyti í safntanki og fast eldsneyti sem brennt er í gjallofni rekstraraðila skal uppfylla eftirfarandi kröfur til efnasamsetningar:

- | | |
|-----------------------|--------------------|
| • Kadmíum (Cd) | <1,0 mg/kg |
| • Kvikasilfur (Hg) | <0,5 mg/kg |
| • Blý (Pb) | <50 mg/kg |
| • Króm (Cr) | <50 mg/kg |
| • Nikkel (Ni) | <100 mg/kg |
| • Kopar (Cu) | <100 mg/kg |
| • Vanadíum (V) | <200 mg/kg |
| • Halógen, annað en F | <1000 mg/kg (0,1%) |
| þar af PCB | <50 mg/kg |

2.5 Uppkeyrsla gjallofns

Gjallofn skal fyrst hita upp með gasolíu og síðan skipta yfir á aðaleldsneyti jafnt og þétt.





2.6 Brennsla eldsneytis

Eldsneyti sem er unnið úr úrgangi sbr. gr. 2.3, skal brennt með kolum við að minnsta kosti 1400°C. Mötun slíks eldsneytis skal vera eins jöfn og unnt er. Bruni eldsneytis, annars en kola og fasts kolefnis, skal ekki vera meiri en sem nemur 60% af orkuþörf verksmiðjunnar. Einungis er heimilt að brenna orkuríkem úrgangi sem eldsneyti þegar rekstur gjallofnsins er eðlilegur og stöðugur.

2.7 Úrgangur sem heimilt er að eyða í gjallofni

Rekstraraðila er heimilt að eyða eftirtöldum úrgangi, þ.m.t. spilliefnum, í magni sem nemur allt að 10% af massa eldsneytis á hverjum tíma í samræmi við ákvæði um sambrennslu í reglugerð nr. 739/2003 svo fremi þau séu í bláanlegu eða dælanlegu formi. Efnin skulu uppfylla ákvæði í gr. 2.8 þegar þeim er blásið eða dælt inn á ofninn með eldsneyti, nema annað sé sérstaklega samþykkt af Umhverfisstofnun.

- Fastan flokkaðan úrgang, svo sem úrgangstímur, pappír, pappa og plast með nettó varmagildi a.m.k. 15 MJ/kg.
- Hvers konar jarð- og plöntuolíur, lýsi og fitur.
- Olíuþeytur.
- Lífræn leysiefni.
- Framköllunarvökvar.
- Önnur sambærileg efni, sem sótt hefur verið um og fengist leyfi fyrir frá Umhverfisstofnun.

2.8 Mörk fyrir efnainnihald úrgangs

Eyðing úrgangs skv. gr. 2.7 í gjallofni rekstraraðila má fara fram með eldsneyti sem uppfyllir kröfur 2.4 ef eftirfarandi kröfur til efnasamsetningar úrgangsins eru uppfylltar:

- | | |
|-----------------------|--------------------|
| • Kadmíum (Cd) | <5 mg/kg |
| • Kvikasilfur (Hg) | <5 mg/kg |
| • Blý (Pb) | <1000 mg/kg |
| • Króm (Cr) | <500 mg/kg |
| • Nikkel (Ni) | <200 mg/kg |
| • Kopar (Cu) | <200 mg/kg |
| • Vanadíum (V) | <600 mg/kg |
| • Halógen, annað en F | <10000 mg/kg (1%) |
| þar af PCB | <50 mg/kg (0,005%) |

2.9 Eyðing úrgangs

Eyðing úrgangs skv. gr. 2.7 er ekki heimil þegar verið er að draga úr eða auka framleiðslu gjallofns, né þegar CO innihald í útblásturslofti reynist meira en 0,1% eða O₂ minna en 1% miðað við hálfrar klukkustundar meðaltal.

2.10 Móttaka fljótandi efna til brennslu

Birgðageymar til móttöku fljótandi efna til brennslu skulu afgirtir. Áfyllingarplan skal vera steinsteypt og þannig útbúið að niðurföll tengist sandfangi og olíuskilju. Geymar skulu standa í olíuheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir eru í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meiri en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörnninni að viðbætti rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.

Frárennsli frá áfyllingarplani og þró skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Olíuskiljur skulu tæmdar (hreinsaðar) eftir þörfum, en



UMHVERFISSTOFNUN

Þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum.

Að öðru leyti, svo sem um prófanir á geymum og lögnum, skal gæta ákvæða reglugerðar nr. 35/1994.

2.11 Móttaka eldsneytis í föstu formi

Timbur og eldsneyti í föstu formi, sem er unnið úr úrgangi, skal flutt til Sementsverksmiðjunnar á Akranesi í þar til gerðum lokuðum og rykþéttum vögnum. Vagnarnir skulu tæmdir inn í lokað kerfi, þar sem losað er um eldsneytið og það meðhöndlað þannig að unnt sé að blása því inn í gjallofn verksmiðjunnar. Þetta skal gert þannig að hávaði og ryk frá vinnslunni verði í lágmarki. Hámark eldsneytis skv. þessari grein sem er geymt á staðnum er 500 tonn. Útblásturloft skal hreinsað með pokasíum. Um aksturleiðir flutningatækja gilda ákvæði í gr. 2.13.

2.12 Meðhöndlun skeljasands

Við dælingu á skeljasandi í hráefnisþró skal sérstaklega gætt að því að sem minnst æti fugl berist með skeljasandinum. Jafnframt skal tryggja að fugl komist sem minnst í það æti sem er í þrónni og í frárennslu frá þrónni við dælingu.

2.13 Meðhöndlun kola

Uppskipun kola og meðferð þeirra á Grundartanga skal vera með þeim hætti að sem minnst rykmengun eigi sér stað. Fallhæð kolanna skal ekki vera meiri en 6 m.

Kolalager á Grundartanga skal aldrei vera stærri en 15.000 tonn.

Kolabirgðir skal þjappa vel og lögum kolabings vera með þeim hætti að sem minnst hætta sé á ryki í vindi. Ennfremur skal yfirborð kolabings, eftir því sem kostur er, þakið grófum kolum. Möguleiki skal vera til staðar að væta kolin eftir þörfum.

Bílar sem flytja kol til Sementsverksmiðjunnar skulu vera þannig búnir að ekki sé hætta á kolafoki frá þeim. Búnaður bílanna skal viðurkenndur af heilbrigðisnefnd. Akstursleið bílanna til Sementsverksmiðjunnar skal vera í samráði við heilbrigðisnefnd.

Öll meðferð kola á athafnasvæði Sementsverksmiðjunnar skal vera með þeim hætti að kolaryk berist ekki út í umhverfið. Skal m.a. losa bílana inni í þar til gerðu skýli og á færribönd sem notuð eru til að flytja kol til geymslusilós og mölunar og skulu þau vera yfirbyggð.

2.14 Meðhöndlun annarra hráefna

Móttaka, geymsla og meðferð annara hráefna skal vera með þeim hætti að dregið sé úr rykmagni eins og kostur er.

Löndun á gjalli gegnum Akraneshöfn skal fara fram sem næst verksmiðjunni þegar lítill vindur er eða vindur stendur af byggðinni. Gjall skal flutt á bílum með yfirbreiðslum eða í lokuðum búnaði.

Rykbinda skal efni þar sem þess er kostur við flutninga til verksmiðjunnar.

2.15 Frágangur lóðar og geymsla utan dyra

Allur frágangur og umgengni við svæðið skal vera með þeim hætti að dregið sé úr rykmagni eins og kostur er. Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur. Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður. Fljótandi hráefni skulu vera í geymum með árekstrarvörn.



LOFT

2.16 Gjallofn

Útblástursloft frá gjallofni skal hreinsa í viðeigandi hreinsibúnaði. Styrkur efna í útblæstri skal vera undir eftirfarandi gildum umreiknað miðað við hitastig 273 K (0°C), þrýstingur 101,3 kPa, 10% súrefni, þurr loft. Miðað er við dagleg meðalgildi.

- Kadmíum (Cd) og þallíum (Tl) 0,05 mg/Nm³
- Nikkel (Ni), króm (Cr), arsen (As), kóbalt (Co), kopar (Cu), vanadíum (V), blý (Pb), mangan (Mn), antimon (Sb) 0,5 mg/Nm³
- Kvikasilfur (Hg) 0,05 mg/Nm³
- Saltsýra (HCl) 10 mg/Nm³
- Flússýra (HF) 1 mg/Nm³
- Brennisteinsdíoxíð (SO₂) 240 mg/Nm³
- Köfnunarefnisoxíð (NO_x) 800 mg/Nm³
- Díoxín og fúrön 0,1 ng TEQ/Nm³
- Heildarryk 50 mg/Nm³
- Heildarryk við sambrennslu úrgangs 30 mg/Nm³

2.17 Skorsteinn

Útblæstri frá gjallofni skal að lokinni hreinsun sleppt út í gegnum skorstein, minnst 65 m að hæð, og skal hraði útblásturslofts eigi vera minni en 15 m/sek.

2.18 Gjallkælir

Ryk frá gjallkæli skal hreinsa í hentugum hreinsibúnaði. Styrkur ryks í útblæstri að lokinni hreinsun skal ekki vera meiri en 50 mg/Nm³ miðað við eðlilegt loftmagn frá starfseminni.

2.19 Sementsmölun

Ryk frá sementsmölun skal hreinsa í hentugum hreinsibúnaði. Styrkur ryks í útblæstri að lokinni hreinsun skal ekki vera meiri en 30 mg/Nm³ miðað við eðlilegt loftmagn frá starfseminni.

2.20 Annar útblástur

Ryk frá öðrum uppsprettum skal vera undir 20 mg/Nm³ miðað við eðlilegt loftmagn frá starfseminni.

VATN

2.21 Fráveita

Vatn skal endurnýta eins og kostur er. Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994.

2.22 Frárennsli

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt um sandföng í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskilju.



2.23 Vatn frá rykbindingu og framleiðslu

Vatn frá framleiðslunni skal sía í gegnum skeljasandssíu áður en það rennur til sjávar.

ÚRGANGUR

2.24 Almenn

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs, svo sem óvirks úrgangs, járn, trefja og annars úrgangs.

2.25 Framleiðsluúrgangur

Fastan úrgang eða rafsiuryk frá hreinsun útblásturs skal nýta aftur í vinnsluna eins og kostur er. Fastan úrgang sem ekki nýtist í framleiðslunni skal rykbinda og farga á viðurkenndan hátt. Tryggja skal að flutningstæki séu hæfilega lestuð og hjólabúnaður ökutækja sé hreinsaður þannig að rykið dreifist ekki að óþörfu. Þegar þetta efni er flutt skal yfirfara og hreinsa flutningaleiðir ef með þarf. Sækja má um heimild til að nýta efnið til landmótunar til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

2.26 Annar úrgangur

Annan úrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun og/eða brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjussvæðinu er óheimil.

2.27 Spilliefni

Spilliefnum, sem verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri og ekki fara til endurvinnslu á vegum fyrirtækisins, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

ANNAÐ

2.28 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá starfseminni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði á lóð verksmiðjunnar við húsvegg og utan lokaðs vinnusvæðis skal ekki fara yfir 70dB(A) og hljóðstig í íbúðabyggð skal vera í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008.

2.29 Ryk á verksmiðjussvæðinu

Uppfylla skal ákvæði reglugerðar nr. 817/2002, um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti. Rekstraraðili skal leitast við að koma í veg fyrir fok frá verksmiðjussvæðinu. Koma skal fyrir skjólbeltum til að hindra fok frá skeljasandsþró og hafa samráð við eftirlitsaðila um magn og frágang skeljasands í þrónni hverju sinni. Rafsiuryk má ekki berast með vindi af verksmiðjussvæðinu. Flutningur á hráefnum og sandi skal vera með þeim hætti að rykmengun verði í lágmarki. Færibönd og flutningskerfi skulu vera yfirbyggð.

Fyrir 1. maí 2009 skal rekstraraðili leggja fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar tímasetta og sundurliðaða áætlun um aðgerðir til að draga úr því að ryk og fint efni berist út fyrir verksmiðjussvæðið.

2.30 Skráning efna, leyfisveitingar og mat

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur (REACH). Þannig skal rekstraraðili sjá til þess að öll efni sem notuð eru eða framleidd séu skráð og





UMHVERFISSTOFNUN

uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 750/2008, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni, sbr. þó þær undantekningar um skráningar sem þar gilda.

3 INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

3.1 Mælingar og upplýsingagjöf

Rekstraraðili skal vakta útblástur, frárennsli og hljóðstig frá verksmiðjunni. Taka skal nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktæka niðurstöðu.

Eftirfarandi tafla stendur fyrir mæliáætlun rekstraraðila:

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil sem meðaltal skal tekið yfir	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Ryk	Skorsteinn	Klukkustund	mg/Nm ³	Samfelt
Ryk	Aðrir tilgreindir staðir (skv. gr. 2.18-2.20)	Klukkustund	mg/Nm ³	Reglulega amk. 6 sinnum jafndreift yfir árið
Þungmálmur	Skorsteinn	Klukkustund	mg/Nm ³	Árlega
Kolmónoxíð	Skorsteinn	Hálf klukkustund	mg/Nm ³	Samfelt
Súrefni	Skorsteinn	Hálf klukkustund	mg/Nm ³	Samfelt
Önnur brunagös (skv. gr. 2.16)	Skorsteinn	Klukkustund	mg/Nm ³	Árlega
Díoxín og fúrön	Skorsteinn	Klukkustund	ng TEQ/Nm ³	Fjórdá hvert ár
Þungmálmur	Fráveita önnur en skólpútrásir	Stakt sýni	mg/l	Þriðja hvert ár
Olía	Fráveita önnur en skólpútrásir	Stakt sýni eftir úrkomu	mg/l	Árlega
Hávaði	6 staðir utan við lóðarmörk í átt að byggð	Klukkustund	dB(A) _{Leq}	Annað hvert ár

Eftirfarandi þungmálma skal mæla í skorsteini: Arsen, kadmíum, kóbalt, króm, kopar, kvikasilfur, mangan, nikkell, blý, antimon, þallíum og vanadíum. Losun fyrir díoxín og fúrön skal vera reiknuð skv. þeim jafngildisstuðlum sem tilteknir eru í I. viðauka reglugerðar nr. 739/2003.

Ef sambrennsla úrgangs er stunduð í verksmiðjunni skal mæliáætlun breytt í samvinnu við Umhverfisstofnun þannig að hún samrýmist reglugerð nr. 739/2003 og öðrum skilyrðum sem Umhverfisstofnun kann að setja.



3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- tæmingu olíugildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim,
- niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1,
- prófun og kvörðun mælibúnaðar,
- magn, tegund, uppruna, flutningsaðila og efnainnihald hráefna og eldsneytis, þ.m.t. eldsneytis sem er unnið úr úrgangi,
- magn, tegund, uppruna, flutningsaðila og efnainnihald úrgangs sem eytt er í gjallofni, sbr. gr. 2.7,
- magn og tegund úrgangs sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar sbr. gr. 2.21, 2.25, 2.26 og 2.27,
- niðurstöður hávaðamælinga.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4 EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálssa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.





4.4 Viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlun, sem samþykkt er af eftirlitsaðila, skal vera tiltæk og skal hún taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts og við hvaða skilyrði skuli tilkynna um mengunaróhöpp. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynning vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4.

4.6 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits í samræmi við 4.mgr. 7.gr. og 1.mgr. 9.gr. í reglugerð nr. 786/1999.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á. Breyta skal mæliáætlun skv. grein 3.1 í samráði við Umhverfisstofnun ef hafin er sambrennsla úrgangs.

4.9 Samráðsfundir og kynningarfundir

Rekstraraðili boðar ár hvert fulltrúa Umhverfisstofnunar, eftirlitsaðila, Akraneskaupstaðar og Heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefndar Vesturlands á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í greinum 2.1 - 2.4, 2.7, 2.8, 2.12, 2.28, 2.29, 3.1, 3.2, 4.1, 4.3, 4.4 og kafla 5. Á þessum fundum skal rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftast ef ástæða er til.

Þá skal rekstraraðili halda opinn kynningarfund að minnsta kosti á 4 ára fresti þar sem kynna skal árangur verksmiðjunnar í mengunarvörnum og niðurstöður mælinga úr innra eftirliti og umhverfisvöktun.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins. Fylgjast skal með loftgæðum samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar.





UMHVERFISSTOFNUN

5.2 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfissvöktun samkvæmt grein 5.1 og 5.2.

5.4 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni verksmiðjunnar samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk skv. 1. viðauka í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2024.

Reykjavík 5. desember 2008

Umhverfisstofnun


Kristín Linda Árnadóttir


Gunnlaug Einarsdóttir

